

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um tekjutap sveitarfélaga.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra sammála því mati Sambands íslenskra sveitarfélaga að sveitarfélögin verði af 1½ milljarði kr. í útsvar á þessu ári vegna fjölgunar einkahlutafélaga á síðasta ári? Ef svo er ekki, hvað áætlar fjárlagaskrifstofa tekjutap sveitarfélaganna mikið á þessu ári?
2. Hvað má áætla að tekjutap ríkisjóðs verði (miðað við fjölgun einkahlutafélaga á síðasta ári) vegna þeirrar yfirfærslu sem varð á síðasta ári á einkarekstri yfir í einkahlutafélög og hver var áætlun fjárlagaskrifstofu í því efni þegar skattalagabreytingarnar voru lagðar fram á haustþingi 2001?
3. Hvaða áhrif má ætla að yfirfærslan á síðasta ári á einkarekstri yfir í einkahlutafélög hafi á vaxta- og barnabætur þar sem einungis 50% arðstekna koma til útreiknings þeirra tekna sem skerða tekjutengdar bætur?
4. Hvernig áformar ráðherra að bæta sveitarfélögunum tekjutapið, sbr. 1. lið?

Skriflegt svar óskast.